

**Mættir:**

Siggeir F. Ævarsson (bæjarskrifstofur) - formaður  
Ólafur S. Hafsteinsson (Miðgarður/Túngata)  
Þórhildur Ósk Ólafsdóttir (Laut)  
Daníel Júlíusson (grunnskólinn)  
Halldóra Halldórsdóttir (grunnskólinn)  
Sigríður Hammer (Laut)  
Bergsteinn Ólafsson (íþróttamannvirki)

**1. Heilsuspillandi vinnuaðstæður að Víkurbraut 62**

Nefndinni barst erindi frá starfsmönnum á bæjarskrifstofum. Nokkrir starfsmenn hafa kvartað undan þurrki í hársverði, húð og öndunarfærum. Vaknað hafa áhyggjur um hvort að mögulega séu komnar rakaskemmdir og/eða mygla í austurhluta byggingarinnar. Nefndin leggur til að gerðar verði mælingar hið fyrsta til að leita af sér allan grun um skemmdir.

Nefndin vill jafnframt vekja athygli á því hvort ekki sé ástæða til að efla þjónustumiðstöðina svo hægt sé að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi á eignum bæjarins af meiri krafti. Það starf sem þegar er unnið er til fyrirmyndar en starfsmenn hennar virðast vera ofhlaðnir verkefnum og upplifun starfsmanna er sú að biðtími eftir þjónustu virðist vera að lengjast.

**2. Birtuskilyrði á Túngötu**

Óformleg mæling á birtuskilyrðum á heimilinu að Túngötu leiddi í ljós að almenn birtuskilyrði þar eru ekki fullnægjandi. Nefndin leggur til að við endurnýjun á perum verði hugað betur að birtustyrk þeirra þannig að lýsing á vinnusvæðum verði viðunandi.

**3. Lýsing á plani við íþróttamiðstöðina**

Á fundi nefndarinnar 11. janúar var eftirfarandi bókað:

“Á torginu við íþróttamiðstöðina er áberandi skortur á lýsingu, einungis er ratbjart. Hafa borist margar ábendingar um að aðkoman að húsinu sé of dimm og þá þurfa nemendur úr Hópsskóla að ganga í töluverðu myrkri þegar þeir koma í leikfimi. Nefndin beinir þeirri tillögu til sviðsstjóra að lýsing verði bætt á svæðinu hið fyrsta.”

Ekkert hefur verið gert til að bregðast við þessu vandamáli. Nefndin bendir á að á svæðinu er töluvert af ljósastaurum sem eru einfaldlega ótengdir. Þá vantar einnig lýsingu frá íþróttamiðstöð og yfir að Hópinu, þar sem nemendur þurfa að fara á milli í leikfimi nokkrum sinnum í viku.

Formanni falið að vekja athygli sviðsstjóra á ástandinu og leita lausna.

#### **4. Lýsing við aðalinngang lóunnar, Ásabraut 2**

Lýsing við aðalinngang lóunnar er ekki viðunandi og hefur verið þannig frá því að nýbyggingin var tekin í notkun haustið 2014. Úrbætur hafa verið á vinnulistum ítrekað en ekki brugðist við.

#### **5. Vinnuverndarmöppur**

Formanni falið að hafa samband við Vinnueftirlit ríkisins og kanna hvort hægt sé að fá sambærilegar gagnamöppur fyrir allar stofnanir og Laut fékk frá þeim á sínum tíma.

*Fleira ekki gert.*

*Fundi slitið kl. 15:10*

*Næsti fundur verður þriðjudaginn 16. janúar 2018*